

Nd.

718. Nefndarálit

[147. mál]

um frv. til l. um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eins og fram kom við afgreiðslu þessa máls í Ed. hefur Sjálfstæðisflokkurinn með tillöguflutningi á Alþingi lýst sig fylgjandi því, að athugun fari fram á því, hvort ekki væri æskilegt að auka verðgildi krónunnar. Hefur verið lögð á það rík áhersla, að árangur næðist af slíkri verðgildisbreytingu gjaldmiðilsins. Til þess að svo megi verða verður að vera fyrir hendi stöðugleiki í efnahagsmálum eða samtímis gerðar ráðstafanir, sem tryggi árangur af fyrirhuguðum gjaldmiðilsbreytingum.

Ljóst er, að mikil óvissa og óstöðugleiki ríkir nú í efnahagsmálum þjóðarinnar. Jafnvel svo að slíkt hefur ekki þekkt áður, ekki einu sinni í tíð fyrri vinstri stjórnar. Því teljum við mjög hæpið að ákvörðun nú um jafnþýðingarmikið málefni og breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils sé tímabær og munum því ekki mæla með samþykkt frv.

Alþingi, 14. maí 1979.

Matthías Á. Mathiesen,
frsm.

Ólafur G. Einarsson.